

### **Spot på sundhed - set med danske og islandske teenageøjne**

Verkefnið heitir á móðurmálinu: heilbrigði og hollusta, séð með augum íslenskra og danskra nemenda. Verkefnið er styrkt af Nordplus og er í samvinnu við skóla á Jótlandi. Markmiðið með verkefninu er að auka skilning og þekkingu á menningu hvors lands, auka áhuga íslenskra nemenda á dönsku sem tungumáli og gefa íslenskum nemendum tækifæri að nýta dönskuna við raunverulegar aðstæður. Nemendur munu skrifast á og kynnst með þeim hætti mismunandi aðstæðum í hvoru landi fyrir sig, skólunum og skólakerfinu. Þeir munu einnig fjalla um hollustu og heilbrigði á fjölbreyttan hátt og hvernig þeir geti stuðlað að þeim þáttum í skólunum. Þessu til viðbótar vinna nemendur hópverkefni þar sem þeir kanna tómstundaiðkun í 10. bekk í hvoru landi fyrir sig og birta í skólablaðinu í Hornslet og vonandi hverfisblaðinu hér. Samstarfsaðili er Lise Vogt kennari í Hornslet skole, Hornslet á Jótlandi. Umsjónarmaður verkefnis er: Erla Lárusdóttir